



Styrkleikar

Áhersla á að tengja starfsemi stofnana frístundadeildar við greinar Barnasáttmálans og heimsmarkmiðana, og þá sérstaklega horft til eftirfarandi greina.



Starfsemi frístundadeildar á menntasviði markvissu og öflugu frístunda- og forvarnarstarfi sem tengist beint og óbeint greinum Barnasáttmálans og greinum Heimsmarkmiðanna. Sérstækt hópastarf er hluti af starfsemi stofnana frístundadeildar og í aðgerðaráætlun Menntastefnu M.5.1 (Þátttaka barna í frístunda- og íþróttastarfi) eru verkefni sem miða að því að auka þátttöku barna í skipulögðu frístundastarfi með það að markmiði að bæta líðan og auka virkni þátttakenda. Hér fyrir neðan má sjá þær aðgerðir sem snú að starfi stofnana frístundadeildar árið 2025.

Verkefni tengd Menntastefnu Kópavogsbæjar

Stefnuáhersla M.5 Frístundir og íþróttir fyrir alla

M.5.1 Meginmarkmið

Virk þátttaka í frístundum og íþróttastarfi þroskar félagshæfni og vinnur gegn félagslegri einangrun. Áhersla er á að allir geti tekið þátt óháð aldri, áhugasviði og getu og fái tækifæri til að nýta styrkleika sína. Tækifæri ólíkra samfélagshópa til þátttöku sé sömuleiðis tryggð. Unnið verði eftir viðurkenndum aðferðum við hæfniuppbyggingu sem nýtist í námi og leik, og til að efla andlega, félagslega og líkamlega heilsu. Einnig að gæði starfsins og öryggi þátttakenda sé í fyrirrúmi og að unnið verði gegn hvers kyns mismun, einelti og ofbeldi. Mikilvægt er að starfsfólk, leiðbeinendur og þjálfarar hafi viðeigandi menntun og gott aðgengi að símenntun.

Stuðningur við ungt fólk 16-25 ára

Innleiða áfram breytingar á þjónustu við ungt fólk á aldrinum 16-25 ára í samræmi við samþykktar tillögur bæjarstjórnar um breyttar áherslur í þjónustu Molans.

Félkó miðstöðin

Koma á sértækri þjálfun og fræðslu fyrir starfsfólk Félkó miðstöðvarinnar (miðlæg félagsmiðstöð) með það að markmiði að starfsfólk upplifi sig öruggari og ánægðari í starfi.

Frístund og félagsmiðstöðvar



Auka samstarf frístundar og félagsmiðstöðvar með áherslu á aukin gæði þjónustu og fagstarf í frístundþjónustu.

Allir með

Móta verklag starfshóps sem hefur það hlutverk auka framboð á íþróttagreinum og þátttöku fatlaðra barna í íþróttum í Kópavogi.

Kannanir

Reglulega eru lagðir fyrir spurningarlistar sem ætlaðir eru að mæla hvort þátttaka í hópastarfi félagsmiðstöðva hafi jákvæð áhrif á sjálfsmynd, félagslega færni og líðan þeirra sem taka þátt í starfinu. Auk þess eru lagðar fyrir almennar þjónustukannanir þar sem unglingarnir meta árangur og ánægju með starf félagsmiðstöðva. Markmið könnunar er einnig að ná til unglinga sem standa höllum fæti og meta þann árangur starfsins sem snýr að vinnu með einstaka hópa/einstaklinga í félagsmiðstöðvastarfi. Spurningakönnun hefur hefur einnig verið send á forsjáraðila/foreldra í hverju skólahverfi, og forsjáraðila/foreldra sem nýta þjónustu frístundaklúbbsins Hrafnisins sem er frístundþjónusta fyrir nemendur í 5.-10. bekk úr öllum grunnskólum Kópavogs með stuðningsþarfir.

Niðurstöður kannananna sýna fram á ánægju bæði foreldra og unglinga með þjónustu félagsmiðstöðvanna:

- Tæplega **90% foreldra** sem svöruðu könnuninni eru ánægðir eða mjög ánægðir með félagsmiðstöðina í heild.
- Rúmlega **80% foreldra** telja börn sín hafa verið ánægð eða mjög ánægð í félagsmiðstöðinni á síðasta skólaári.

Niðurstöður meðal unglinga eru einnig jákvæðar:

- Rúmlega **80% unglinga** sem svöruðu eru sáttir eða mjög sáttir með sína félagsmiðstöð.
- Tæplega **90% unglinga** eru ánægð með starfsfólk félagsmiðstöðvarinnar.
- Um **90% svarenda** telja félagsmiðstöðvarstarf vera mikilvæga þjónustu.

Unglingarnir nefna margvíslegar ástæður fyrir mikilvægi félagsmiðstöðvarinnar.

Nokkur dæmi um ástæður eru:

- **Allir fá að vera þeir sjálfir**, óháð því hvernig þeir eru.
- Félagsmiðstöðin sé **öruggur og aðgengilegur staður** þar sem allir eru velkomnir og hægt er að treysta starfsfólkinu.
- Hún stuðlar að **félagslegum tengslum** og veitir ungu fólki aðstöðu til að hitta vini í öruggu umhverfi.
- **Virðing og hlustun** er borin fyrir hverjum einstaklingi, og starfsfólkið er áhugasamt og sýnir tillitsemi.
- Hún er mikilvæg sérstaklega fyrir þá sem hafa **takmarkaðan félagsskap annars staðar**.
- Félagsmiðstöðin býður upp á **skemmtilega staðsetningu til að eyða tíma með vinum** í stað þess að vera einungis í símanum.



- Hún gerir fólki kleift að **kynnast öðrum betur** og veitir hvatningu til að fara út og hitta nýtt fólk.
- „Maður getur talað við krakka sem maður myndi ekki endilega tala við annars og lærir á að vera nice og eiga vini.“

Þessar niðurstöður undirstrika mikilvægi félagsmiðstöðvanna. Þau börn sem nýta þjónustu félagsmiðstöðva telja þær öruggan stað að vera á og félagslega styrkjandi.

Félkó miðstöðin

Félkó miðstöðin er miðlæg félagsmiðstöð ætluð öllum 9 félagsmiðstöðvum Kópavogs, en aðrar stofnanir frístundadeildar Hrafninn og Molinn hafa einnig aðgengi að aðstöðunni. Félkó miðstöðin býður upp á margskonar aðstöðu sem hentar bæði hópum og einstaklingum að koma í með starfsfólki félagsmiðstöðva. Hinsegin félagsmiðstöð er til dæmis með fasta viðveru í Félkó-miðstöðinni og Velkomin opnanir eru í boði þar þar sem tekið er sérstaklega á móti nemendum með fjölbreyttan tungumála- og menningarlegan bakgrunn. Velkomin miðar að því að hvetja börn með einstaklingsbundum hætti til þátttöku í samfélaginu í gegnum íþrótt- og frístundastarf og þannig virkja og valdefla þau og hjálpa til við aðlögun þeirra inn í skóla, íþrótt- og frístundastarf og samfélagið allt. Félagsmiðstöðvarnar og aðrar stofnanir frístundadeildar geta allar skráð sig í viðeigandi aðstöðu. Vettvangsstarf Félkó (starfsfólk félagsmiðstöðva í Kópavogi) í góðri samvinnu við starfsfólk Flotans vettvangsstarf á vegum Reykjavíkurborgar vinnur að því að koma í veg fyrir óæskilegar hópamyndanir barna og unglinga. Vettvangsstarfið felur í sér að starfsfólk keyrir á hina ýmsu staði í Kópavogi eða á höfuðborgarsvæðinu þar sem ungmenni hittast reglulega á, eða hafa fengið upplýsingar um frá lögreglu eða öðrum samstarfsaðilum á höfuðborgarsvæðinu að von sé á óæskilegri hópamyndun. Haft er samband við lögreglu og eða barnavernd ef þörf er á. Vettvangsstarf Félkó miðstöðvarinnar hlaut til að mynda viðurkenningu Kópsins árið 2024 fyrir sitt mikilvæga og öfluga forvarnarstarf.

Hrafninn

Frístundaklúbburinn **Hrafninn** í dag þjónustar börn úr öllum grunnskólum Kópavogs í 5.-10.bekk. Það er ánægjulegt að sjá hversu mikið samstarf við grunnskólana hefur þróast undanfarin ár og þá með hliðsjón af reglulegum teymisfundum innan skólanna í anda samþættrar þjónustu. Aukið samtal og samstarf við grunnskóla talar vel við ný lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, þar sem meginmarkmið laganna er að veita foreldrum og börnum aðgengi að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana. Hrafninn er mikilvæg þjónusta sem snýr að því að veita börnum með stuðningsþarfir viðeigandi stuðning. Dagskrá Hrafninsins er fjölbreytileg og gaman að sjá það samstarf sem haft er við aðrar stofnanir í bænum til að mynda sundlaugar og íþróttahús í Kópavogi sem stuðlar að aukinni hreyfingu barna sem Hrafninn sækja. Ánægjulegt er sömuleiðis að sjá þátttöku unglinga sem Hrafninn sækja í starf félagsmiðstöðva, viðburða og ferða á vegum þeirra eins og sjá með þátttöku á Landsmóti Samfés og annarra viðburða, en það er gríðarlega mikilvægt að veita



unglingum með stuðningsþarfir aðgengi að annarri afþreyingu og skipulögðu frístundastarfi á meðal jafnaldra.

Molinn Miðstöð unga fólksins

Í vetur verður áfram lögð áhersla á að innleiða þær breytingar sem Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti 11. apríl 2023. Unnið verður áfram að því að byggja upp og þróa ráðgjafa og stuðningsþjónustu og skapandi verkefni ásamt opnu starfi. Lögð verður áhersla á að mæta ungu fólki með fjölbreyttu starfi og starfið höfði til sem flestra. Í Molanum leggur starfsfólk sérstaka áherslu á að öll séu velkomnir og Molinn sé öruggur staður þar sem ungu fólki líður vel. Lögð verður áhersla á að nemendur MK (Menntaskólinn í Kópavogi) verði sérstaklega hvattir til að nýta sér Molann. Staðið verður að nýnemakynningu fyrir alla 1.árs nema í MK fyrir áramót þar sem starfsemi og þjónusta Molans verður kynnt og hlutverk starfsmanna í húsinu og nemendaráð MK mun halda reglulega viðburði á mánudagskvöldum. Verkefnastjóri Molans mun funda reglulega með forstöðumönnum félagsmiðstöðvanna, en mikilvægt er að unnið sé að því að nemendur í 10.bekk viti af þeirri þjónustu sem Molinn býður upp á. Verkefnastjóri Molans ásamt ráðgjafa ungmenna munu heimsækja nemendur í 10. bekk og kynna starfsemi Molans, og í framhaldi eru skipulagðar heimsóknir í Molann. Á vorönn verður lögð sérstök áhersla á 10. bekkjaropnanir þar sem þeim gefst kostur á að kynnast starfinu og fá jákvæða upplifun á Molanum.



Skapandi verkefni Molans

Umsjónarmaður skapandi verkefna ber ábyrgð á og skipuleggur skapandi störf með ungu fólki í samvinnu við verkefnastjóra í Molanum miðstöð unga fólksins. Hann annast þátttöku, leiðsögn og skipulagningu á verkefnum, námskeiðum, sýningum og viðburðum tengt list-, menningu- og nýsköpun fyrir ungt fólk aldrinum 16-25 ára, og er með aðstöðu í Molanum. Umsjónarmaður skapandi verkefna vinnur í nánú samstarfi við Menningarhúsin í Kópavogi í tengslum við viðburði, sýningar og fleira. Komin er námskeiðsáætlun og viðburðadagatal til að efla og gera skapandi starf ungs fólks sýnilegra og markvissara í Kópavogi. Á döfinni er m.a. námskeið um kennslu á stúdíóið og skapandi skrif. Umsjónarmaður skapandi verkefna í Molanum mun bjóða upp á ráðgjöf til stuðnings við ungt listafólk sem getur þá bókað tíma eftir þörfum. Stærri viðburðir verða unnir með ungmennunum sjálfum og er hugmyndin að vinna áfram í anda skapandi sumarstarfa þar sem ungu fólki gefst tækifæri til að taka þátt í viðburðum tengt list, menningu og nýsköpun. Bókasafn Kópavogsbæjar stefnir á að halda viðburði fyrir unglinga og ungmenni í húsnæði Molans á aldrinum 13-25 ára. Bókasafnið hefur einnig staðið fyrir hittingum hjá ungum foreldrum í Kópavogi sem rætt hefur verið að færa yfir Molann. Í samstarfi við Bókasafnið ætlar Molinn svo að vera með bókaklúbb og fá meðlimir klúbbsins 15% afslátt af árskortum Bókasafns Kópavogsbæjar. Menningarhúsin í Kópavogi og Molinn hafa átt í góðu samstarfi og er



stefnt á að halda því áfram. Húsnæði menningarhúsanna hafa skipt sköpum í blómlegu starfi Skapandi sumarstarfa þar sem fjöldi viðburða var haldinn í Gerðarsafni, Salnum og á Bókasafni Kópavogs. Stefnt er að því að halda þessu góða samstarfi áfram og jafnvel skoða hvort hægt sé að halda fleiri viðburði yfir vetrartímann. Umsjónarmaður vinnur markvisst að góðu kynningarefni og auglýsingum til að setja á samfélagsmiðla, MEKÓ síðuna og aðra miðla til upplýsinga fyrir ungt fólk og bæjarbúa í Kópavogi. Í Molanum er einnig gott stúdíó sem ungmenni hafa aðgengi að og er vel sótt í dag. Unnin voru stutt kynningamyndbönd um starfsemi og þjónustu Molans sem verður áfram markvisst unnið að því að kynna fyrir ungu fólki í sveitarfélaginu.



Ráðgjöf og stuðningur

Ráðgjafi í málefnum ungmenna hefur umsjón með og skipuleggur samfellda þjónustu er snýr að stuðningi við ungmenni í Kópavogi. Hann stuðlar að samþættingu í þjónustu við aðrar stofnanir sem sinna málefnum ungmenna í Kópavogi, þannig að viðkomandi ungmenni fái heildstæða og markvissa þjónustu í samræmi við þarfir. Á mánudögum frá kl 10:00-14:00 er ráðgjafi ungmenna og verkefnastjóri Molans með viðveru í Molanum og eru þessi tími sérstaklega hugsaður fyrir viðtalstíma þar sem ungmenni geta komið og hitt á ráðgjafa og verkefnastjóra Molans. Ráðgjafi skipuleggur og stýrir sértæku hópastarfi í Miðstöð unga fólksins sem snýr að stuðningi og ráðgjöf við ákveðna hópa ungmenna. Starfið felur í sér áherslu á fyrirbyggjandi starfsemi og hefur snemmtækan stuðning og íhlutun að leiðarljósi. Ráðgjafi ungmenna mun koma með markvissum hætti inn í skóla- og félagsmiðstöðvar og vera sýnilegri bæði starfsfólki og nemendum ásamt því að veita stuðning og ráðgjöf í Molanum miðstöð unga fólksins.

Í samvinnu við skólaþjónustu grunnskóladeildar, Miðjunnar á velferðarsviði, MK og verkefnastjóra Molans og aðra starfsmenn Molans er boðið upp á sértækt hópastarf þar sem áhersla verður lögð á að ná til nemenda sem glíma við skólasóknarvanda, í góðri samvinnu við foreldra. Dæmi um hópastarf er Dungeons and dragons hópur, rafíþróttahópur og útivistarhópur. Útivistarhópurinn mun heita „Molavirkni“ og áætlað er að hafa fyrsta tíma í janúar á nýju ári. Horft er til hreyfiverkefnisins *Virkni og Velliðan* í Kópavogi sem fyrirmynd *Molavirkni* og gott og markvisst samstarf þar á milli. Í samvinnu við **Bergið-Headspace** verður áfram lögð áhersla á að kynna vel þá ráðgjafarþjónustu sem Bergið býður uppá. Markmið með samstarfinu er að styrkja starfsemi er snýr að ráðgjafa- og stuðningsþjónustu í Molanum miðstöð unga fólksins, og veita þannig ungu fólki á aldrinum 16-25 ára lágþröskulda aðgengi að ráðgjöf og þjónustu Bergsins-Headspace í sínu sveitarfélagi. Þjónusta og ráðgjöf Bergsins-Headspace er ungu fólki að kostnaðarlausu og þau geta sjálf haft frumkvæði að því að sækja sér ráðgjöf. Með þessu samstarfi er verið að færa þjónustuna enn nær ungu fólki í Kópavogi og gera hana aðgengilegri fyrir þau líkt og hugmyndafræði Bergsins-



Headspace snýst um. Ráðgjafi á vegum Bergsins-Headpace hefur viðveru í Molanum-miðstöð unga fólksins einn dag í viku frá kl. 09.00-12.00. Þjónustan er þannig uppbyggð að ungmenni á aldrinum 16-25 ára, geta óskað eftir þjónustu og fengið viðtal við ráðgjafa með skömmum fyrirvara. Ráðgjafi hlustar, metur vandann, veitir stuðning og fræðslu og ráðgjöf um þjónustu í sveitarfélaginu. Ráðgjafi vinnur í gegnum viðtöl með ungmenni og ef þörf er á, aðstoðar viðkomandi við að komast í meðferð eða að fá viðeigandi aðstoð annars staðar. Ráðgjöf getur einnig verið fjarráðgjöf í gegnum Köru Connect, ekki er um að ræða meðferð heldur ráðgjöf og snemmtæka íhlutun. Markmið Bergsins-Headspace er að veita stuðning og ráðgjöf fyrir ungt fólk á forsendum ungs fólks, aðlaga þjónustu og veita fræðslu sem snýr að þeirra þörfum hverju sinni.



Lýðræðisleg þátttaka

Stofnanir frístundadeildar leggja mikið upp úr því að vinna með lýðræðislega þátttöku barna og ungmenna. Til að mynda eru starfandi unglingaráð í hverri félagsmiðstöð og barna- og unglingaráð í Hrafninum og ráð ungmenna í Höfuð-borginni. **Félkóraráð** er ráð þar sem tveir fulltrúar úr hverri félagsmiðstöð sitja í. Hlutverk ráðanna er að koma að skipulagningu á dagskrá, almennu starfi og viðburðum félagsmiðstöðvanna. Í gegnum þátttöku í ráðunum læra unglingarnir lýðræðisleg vinnubrögð, virðing er borin fyrir skoðunum þeirra og þau læra að bera virðingu fyrir skoðunum annarra, sem og eru unglingaráðin vettvangur sem veitir þeim frelsi til að deila og koma sýnum hugmyndum á framfæri. **Ungmennaráð Kópavogsbæjar** er svo formlegt ráð Kópavogsbæjar þar sem grunnskóli og félagsmiðstöð tilnefna sameiginlegan fulltrúa síns skóla í ráðið, Menntaskólinn í Kópavogi tvo fulltrúa og Molinn miðstöð unga fólksins tilnefnir sömuleiðis fjóra fulltrúa í ungmennaráðið. Í **Ungmennaráði Samfés** sitja svo fulltrúar frá Kópavogi. Kosið er á Landsmóti Samfés sem eru samtök allra félagsmiðstöðva og ungmennahúsa á Íslandi.

Samstarf við grunnskóla

Góð félagsmiðstöð getur gert skóla enn betri þar sem trú á einstaklinginn er í fyrirrúmi. Það er ánægjulegt að sjá hversu mikið samstarf skóla og félagsmiðstöðva hefur þróast í jákvæða átt undanfarin ár. Reglulegir samráðsfundir eru haldnir með annað hvort deildarstjóra unglingastigs, námsráðgjafa eða aðstoðarskólustjóra til að fara yfir líðan nemenda og skipulagningu sameiginlegra viðburða. Aðilar veita upplýsingar eftir þörfum allt með það að leiðarljósi að bæta líðan nemenda. Auk þess sjá starfsmenn flestra félagsmiðstöðva um valáfanga og/eða koma að því að aðstoða í valáföngum skólans á einn eða annan hátt. Með góðri samvinnu grunnskóla- og frístundadeildar á menntasviði sem og með innleiðingu farsældarlaganna er



ánægjulegt að sjá hversu mikið og öflugt samstarf er á milli skóla og félagsmiðstöðva allt með það að markmiði að mæta þörfum nemanda á sem farsælastan hátt.

Sumaropnun félagsmiðstöðva

Í sumaropnun félagsmiðstöðva er lögð áhersla á góða og markvissa samvinnu við Vinnuskóla Kópavogs. Markmiðið með samstarfinu er að bjóða nemendum í 8.-10. bekk í öllum grunnskólum Kópavogs fjölbreytt og skemmtileg sumarstörf í félagsmiðstöðvunum, sem taka mið af þörfum og getu hvers og eins. Störfin eru af ýmsum toga, en áhersla hefur verið lögð á að ná sérstaklega til nemenda sem eru félagslega einangraðir eða þurfa að styrkja sig á einhvern hátt félagslega. Nemendur með fjölbreyttan tungumála- og menningarlegan bakgrunn hafa tekið þátt í gegnum verkefnið **Velkomin** sem er samfélagsverkefni fyrir börn í Kópavogi á aldrinum 10-18 ára. Velkomin miðar að því að hvetja börn með einstaklingsbundum hætti til þátttöku í samfélaginu í gegnum íþrótt- og frístundastarf og þannig virkja og valdefla þau og hjálpa til við aðlögun þeirra inn í skóla, íþrótt- og frístundastarf og samfélagið allt. Á sama tíma er markmiðið að fræða börn með íslensku sem móðurmál um fjölmenningu. Sú fræðsla fer fram að mestu í gegnum jafningjafræðslu. Þátttakendur fá sömuleiðis íslenskukennslu í gegnum óformlegt nám á meðan á námskeiði stendur. Markmiðið með þróun á verkefninu er að leggja áherslu á stuðning og eftirfylgni með Íþrótt- og frístundtengli. Við höfum séð það með verkefni eins og Velkomin að það er mjög mikilvægt að geta haft skilgreindan aðila sem aðstoðar og fylgir barninu, ungmenninu og fjölskyldu þess vel eftir við aðlögun inn í skóla, frístundir, íþróttir, nám og atvinnu. Með þróun á verkefninu yrði það mikilvæg viðbót við samþættingu þjónustu við móttöku barna og ungmenna sem hafa fjölbreyttan tungumála- og menningarlegan bakgrunn í Kópavogi. Í dag snýr þróun verkefnisins að þróa starf íþrótt- og frístundatengils sem starfar að mestu leyti innan skóla, frístundaþjónustu á vegum Kópavogsbæjar og íþróttafélaga, og þannig kemst á meiri tenging við kennara og starfsfólk frístundaþjónustu og þjálfara íþróttafélaga. Velkomin hlaut nýverið styrk úr Nýsköpunar- og skólaþróunarsjóð Mennta- og barnamálaráðuneytis til að þróa verkefnið áfram með áherslu á starf íþrótt- og frístundatengils.

Símenntunaráætlun og verkferlar

Stofnanir frístundadeildar leggja metnað og veita svigrúm til fræðslu og þjálfun til starfsfólks. Mikilvægt er að efla starfsfólk í starfi og auka bæði þekkingu og fagmennsku. Símenntunaráætlun er gefin út á hverju hausti þar sem starfsfólki gefst tækifæri á að fá fjölbreytta fræðslu allt með það að leiðarljósi að styrka starfsmenn í starfi. Reglubundin og markviss þjálfun og endurmenntun er mikilvæg til að gera bæði starfsfólk öruggara í starfi sem og gera starfið faglegra og skemmtilegra. Í símenntunaráætlun er einnig gert ráð fyrir verkfærakistudögum þar sem starfsmenn fá tækifæri á að kynna sitt starf og þannig er hægt að skiptast á góðum verkefnum og hugmyndum.



Skipulag fræðslu á vegum frístundadeildar 2024-2025



Dagsetning:	Heiti og lýsing	Stutt lýsing	Staðsetning:	Umsjón/Leiðbeinandi:
21. ágúst kl. 17.00-22.00	Velkomin til starfa! Kennsla fyrir starfsmenn	Nýliðafræðsla og kynning á helstu þáttum í starfi félagsmiðstöðva.	Smáraskóli	Verkefnastjóri frístundadeildar og forstöðu-/aðstoðarforstöðumenn félagsmiðstöðva
23.ágúst kl. 17.00-20.00	Velkomin til starfa! Hinsegin fræðsla	Hinsegin fræðsla og hópefli fyrir starfsmenn.	Gufunesbær	Verkefnastjóri frístundadeildar og Hrefna Þórarinsd. – forstöðukona hinsegin félagsmiðstöðvar
11.-12. september	Starfsdagar Samfés	Stjórnendur Félkó sækja þar fjölbreytta fyrirlestra og málstofur.	Varmaland	Samfés – Ýmsir fyrirlesarar.
14. október kl. 17.00-19.00	Fokk me Fokk you og Samfélagslögreglan	Birtingarmynd ofbeldismenningar meðal barna&unglinga	Peða	Andrea Marel, Kári Sigurðsson og Unnar Þór Bjarnason
11.nóvember kl. 17.00-18.30	Verkferakistu-dagur	Fyrir starfsfólk frístundadeildar. Lærum hvert af öðru, verklegt.		Forstöðumenn skipta með sér smíðjum
2.desember kl. 17.00-18.30	Spilavinir	Kynning á spilum sem henta vel í félagsmiðstöðvastarf	Fönix	Spilavinir
10.janúar kl. 17.00-19.00	Samfés-Con			Samfés
3. og 5.febrúar kl. 17.00-22.00	Vika 6	Kynfræðsla fyrir unglinga	Allar starfsstöðvar	Áslaug – verkefnastjóri Frístundadeildar
3.mars kl. 17.00-19.00	Verkferakistu-dagur.	Kynningar á verkefnum úr námi, fræðsluferðum og fl.	Félkó-miðstöðin	Allir starfsmenn
Mars	Fræðsluferð	Fókus á vettvangsstarf	Sundsvall Svíþjóð	
14.apríl	Sjúkást	Fræðsla frá Stigamótum fyrir alla starfsmenn		Stigamót

Verkferlar frístundadeild

Deildarstjóri og verkefnastjóri frístundadeildar vinna og endurskoða verkferla, leiðbeiningar og gátlista sem stjórnendur og starfsfólk vinna eftir. Hér fyrir neðan má sjá nokkra af þeim verkferlum, leiðbeiningum og gátlistum sem stofnanir frístundadeildar vinna eftir.

- Verkferlar frístundadeildar. Í þeim má finna verkferla fyrir; undirbúning viðburða, framkvæmd viðburða, ferðir (stuttar og langar), útivaktir, atvikaskráningu, einstaklingssamtöl, samskipti við foreldra, minniháttar



hegðunarfrávik, alvarleg hegðunarfrávik, smávægilegir áverkar, alvarleg slys og tilkynningar til barnaverndar.

- Móttaka nýrra starfsmanna
- Gátlisti vegna sértæks hópastarfs
- Móttaka nemanda með fjölbreyttan tungumála- og menningarlegan bakgrunn
- Gátlisti vegna eineltis
- Verklagsreglur ef grunur vaknar um ofbeldi í stofnunum menntasviðs

Tækifæri til umbóta

Félagsmiðstöðvarnar fengu almennt mjög jákvæðar niðurstöður í þjónustukönnunum sem lagðar voru fyrir bæði unglinga í 8.–10. bekk og forsjáraðila/foreldra þeirra. Þrátt fyrir góða útkomu eru tækifæri til umbóta. Svör þeirra foreldra sem telja sig ekki þekkja starf félagsmiðstöðvarinnar nægilega vel benda til þess að upplýsingagjöf og frétttaflutningur úr starfinu gætu verið efld. Svör þeirra unglinga sem nýta félagsmiðstöðvarnar lítið eða ekki eru vísbendingar um þörf á betri kortlagningu á félagslega einangruðum unglingum og tengja þau betur við starfsemina. Áhersla á áframhaldandi aukningu og þróun á sérstæku hópastarfi er góð leið til að ná því fram.

Eftirfylgni frístundadeildar

Deildarstjóri og verkefnastjóri frístundadeildar funda aðra hverja viku með öllum forstöðumönnum frístundadeildar þar sem starfið er rætt og samræmt, og upplýsingar veittar. Skipulagsdagar með stjórnendum frístundadeildar eru svo haldnir að hausti og vori, auk þess er skipulagsdagur fyrir allt hlutastarfsfólk þar sem stjórnendur frístundadeildar eiga uppbyggilegt og gott samtal við starfsfólk deildarinnar þar sem starfsárið er rýnt og umræða um hvað gengur vel og hvar eru tækifæri til umbóta. Frístundadeildin heldur svo utan um skipulagningu á símenntunaráætlun og sér um að bóka fræðsluerindi og skipuleggja. Verkefnastjóri frístundadeildar í samvinnu við deildarstjóra styður svo forstöðumenn stofnana frístundadeildar með ýmiskonar fræðsluefni til að nota í tengslum við fræðsluáætlun félagsmiðstöðvanna, Hrafningsins og Molans miðstöð unga fólksins. Auk þess sitja forstöðumenn í vinnuhópum í tengslum við verkefni sem frístundadeild ber ábyrgð á í tengslum við aðgerðaráætlun menntastefnu. Með þátttöku stjórnenda í verkefnum tengt aðgerðaráætlun Menntastefnu Kópavogsbæjar er það mat deildarstjóra að stjórnendur og starfsfólk tileinki sér betur að vinna eftur menntastefnu bæjarins. Deildarstjóri og verkefnastjóri frístundadeildar boða vinnuhópa reglulega á fundi og haft er samráð um þróun, útfærslur og fyrirkomulag á þeim verkefnum sem unnið er að í tengslum við Menntastefnu Kópavogsbæjar.

Frístundadeildin leggur áherslu á góða vinnustaðarmenningu, góða líðan og ánægju starfsmanna. Á hverju ári eru starfsmenn boðnir sérstaklega velkomnir til starfa, þar þeim eru kynntar helstu áherslur í starfi og unnið með gott hópefli til að þetta starfsmannahópin saman fyrir komandi starfsár. Deildarstjóri og forstöðumenn stofnana frístundadeildar bjóða svo starfsfólki upp á starfsmannasamtal 1x á ári þar sem starfsfólkið fær tækifæri á að ræða um líðan sína, þróun í starfi og annað sem



tengist starfi þeirra. Einnig er starfsfólki boðið að taka þátt í vinnustaðargreiningu hjá mannauðsdeild bæjarins, og ánægjulegt að sjá að niðurstöður þeirrar vinnustaðargreiningar eru að koma vel út. Deildarstjóri hefur einnig boðið stjórnendum umhyggjusamtal þegar þörf er á, þar sem markmiðið er að starfsmaður og stjórnandi finni í sameiningu leiðir til vellíðunar. Niðurstöður samtalsins eru teknar saman og fylgt markvisst eftir og í framhaldi er hisst aftur eftir tiltekinn tíma og farið yfir stöðuna. Að mati deildarstjóra hefur þetta reynst mjög vel og eitthvað sem deildarstjóri mun vera vakandi fyrir að hafa í huga varðandi umhyggju fyrir stjórnendum deildarinnar. Auk þess er verið að innleiða verkefnið „Velferð á vinnustað,, eins og í öðrum stofnunum menntasviðs.

Virðingarfyllst,

Amanda K. Ólafsdóttir
Deildarstjóri
Frístundadeildar



Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavoqur.is

Viðauki

Félagsmiðstöð:

Mat starfsáætlana félagsmiðstöðva Kópavogs

Skipulag starfsins, þar með talið faglegar áherslur og dag- og kvöldskipulag er birt í starfsáætlun. Starfsáætlun er svo lögð fyrir menntaráð til samþykktar.

1	Hagnýtar upplýsingar: sími, netfang, heimilisfang, opnunartími (dag- og kvöldopnun)	
2	Félagsmiðstöðvadagatal – Setja inn mynd af félagsmiðstöðvadagatali 2023-2024	
3	Starfið í vetur - félagsmiðstöðvar – Gera grein fyrir áherslum í starfinu – Valáfangar sem forstöðumenn/starfsmenn sjá um í samstarfi við skólann – Miðstigsstarf – Lýsing á samstarfi við skóla Viðburðir í vetur – Viðburðir á vegum félagsmiðstöðvar – Sameiginlegir viðburðir félagsmiðstöðva – Viðburðir í samvinnu við skólann	
4	Hópastarf - Haft að leiðarljósi grunnstöðir Barnasáttmálans gr. 2, gr.3, gr. 6, gr. 12, og gr. 42, og Heimsmarkmiðin 3, 4, 5, 12 og 16.  – Gera grein fyrir sértæku hópastarfi – Félkó miðstöðin (hvernig mun hún nýtast í starfinu í vetur) – Félkó Hinsegin félagsmiðstöð – Félkó Velkomin (nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku) Sumaropnun félagsmiðstöðvarinnar (gera stuttlega grein fyrir) – Hvernig er starfið uppbyggt? – Hugmyndir fyrir næsta sumar?	
5	Barna og unglingaráð (Hverjir sitja í ráðinu og hvernig er það skipulagt) – Félagsmiðstöðvaráð – Miðstigsráð – Félkó ráð – Ungmennaráð Kópavogs – Ungmennaráð Samfés (ef unglingar frá ykkur eru í því)	



6	Foreldrasamstarf Gera grein fyrir samstarfi við foreldra og upplýsingamiðlun til þeirra um starfið	
7	Gera grein fyrir verkefnum/áherslum í starfi tengdum Menntastefnu Kópavogsbæjar	
8	Verkferlar í starfi félagsmiðstöðva - Móttaka nýrra starfsmanna - Verklag þegar grunur vaknar um ofbeldi, vanrækslu eða áhættuhegðun barna í stofnunum Kópavogsbæjar - Leiðbeiningar fyrir starfsfólk félagsmiðstöðva um viðbrögð við óviðeigandi hegðun, neyslu tóbaks, áfengis eða annarra vímuefna. - Verkferlar í starfi félagsmiðstöðva (ferðir, framkvæmd viðburða, útivaktir, samtöl, samskipti við foreldra, skráning slysa og hegðunarfrávika) - Öryggisgátlisti - Gátlistar í sértæku hópastarfi - Handbók um starfið - Rýmingaráætlun (samstarf við skóla)	
9	Ytra og innra mat Ytra mat - Lýsing á þjónustukönnunum félagsmiðstöðvar - Niðurstöður viðhorfskannana - Tækifæri til umbóta byggt á niðurstöðum viðhorfskannana Innra mat - Byggist á mati forstöðumanns/starfsmanna á starfáætlun og starfsemi síðasta skólaárs.	
10	Umbótaáætlun starfsstöðvar Umbótaáætlun er byggð á innra og ytra mati.	
11	Símenntunaráætlun Hvaða námskeið og fræðsla fyrir starfsfólk eru skipulögð af frístundadeild og félagsmiðstöðvar hálfu	
12	Fjöldatölur -Fjöldatölur settar fram fyrir hvern mánuð á síðasta starfsári (ágúst-júlí)	
13	Listi yfir starfsfólk og starfsheiti	
14	Annað sem varðar starfsemina	
	Almenn umsögn: Verkefnastjóri/deildarstjóri frístundadeildar fyllir út	



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08 2026